

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hellishóla.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. september 2016 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hellishóla. Breytingin tekur til stækkunar á lóð og byggingarreits gistihúss/hótels. Lóð stækkar úr 11.910 m² í 20.263 m². Byggingarreitur stækkar til samræmis. Leyfilegt byggingarmagn á lóðinni er 1.000 m² og helst óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Syðri- og Efri-Hóls.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. september 2016 óverulega breytingu á deiliskipulagi Syðri- og Efri-Hóls. Breytingin tekur til byggingarreits S1. Í stað heimildar til byggingar þriggja frístundahúsa, samanlagt 360 m², verður heimilt að byggja allt að 450 m² gistiskála. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 23. desember 2016.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2017